

Nám og störf (NAS1A01)

Háskólabrú

Áfangalýsing

Fyrsta vika námsins er undirbúningsvika fyrir nýnema. Nemendur fá kynningu og leiðsögn á því hvernig er að hefja nám eftir langt hlé. Farið verður yfir skipulagningu námsins, námstækni, álag, tímastjórnun o.þ.h. og mun námsráðgjafi kynna þá þjónustu sem hann mun veita. Einnig verður nemendum kennt á kennslukerfið. Þá verður nemendum sýnt hvernig má skipuleggja tölvur sínar með tilliti til náms og kennarar kynna námsefni annarinnar. Eins verður lögð áhersla á hópefli meðal nemenda, því mikilvægt er að þeir kynnist og verði þéttur hópur öflugra nemenda sem stefna öll að sama markmiði. Þá fara nemendur í gegnum Moodle áfanga þar sem farið er yfir hagnýt atriði tengd náminu og einnig gagnlega þætti eins og heimildaskráningu og námstækni.

Prep

Áfanginn er á 1. þrepi.

Einingafjöldi

1 framhaldsskólaeining (feining).

Lokamarkmið áfangans

Nemendur skulu:

- kunna að skipuleggja tölvur sínar
- þekkja kennslukerfið
- vera tilbúnir að takast á við krefjandi aðfararnám fyrir háskólastig
- þekkja helstu kröfur skólans og kennara
- vera málkunnug öðrum nemendum innan deildarinnar
- fá kynningu á heimildavinnu og skráningu